

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1519
komudagur 25. 4. 2005



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. apríl 2005

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnaflutninga á landi.

Þrátt fyrir þá staðreynd að Vélstjórafélag Íslands sinni afar þýðingarmiklu hlutverki bæði á sjó og á landi er félagið ekki enn farið að skipta sér af skipulagi og rekstri landflutninganna. Í ljósi þess virðist ósk nefndarinnar um umsögn félagsins, um þetta frumvarp, vera á misstilningi byggð. Engu að síður bendum við á það að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að orðið farmflutningar verði notað yfir hverskyns flutninga á landi utan fólksflutninga. Orðið farmur og farmflutningar hefur öðlast sess í sjóflutningum þar sem nánast alltaf er talað um farm skipa svo og farmskip, farmbréf, farmskírteini og þannig mætti áfram telja. Það er mat félagsins að orðið farmur eigi eingöngu við um flutninga á sjó og því leggst félagið gegn því að orðið farmur verði notað um flutning á vörubifreiðum eða öðrum tækjum sem flytja efni frá einum stað til annars á landi.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!